

**Nd.**

**493. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 73 29. des. 1934, um breyting á 1. gr. tolllaga.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. gr. 7. b. í lögum nr. 73 29. desember 1934 hljóði svo:  
Af vindlingum (sigarettum) kr. 20.80 af hverju kg.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936, og gilda svo lengi sem rikiseinkasala er á tóbaki.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. tilmælum tóbakseinkasölu ríkisins, og fylgir hér með bréf einkasölnunnar, dags. 24. sept. 1935, er skýrir, hvernig á þessari breytingu stendur:

„Síðan tollögin fyrir Ísland gengu í gildi, þ. 11. júlí 1911, hefir ætíð verið það ákvæði í tollögunum, að vindlingar „skuli tollaðir að meðtöldum pappir, öskjum eða dósunum, sem þeir eru seldir í“.

Þetta ákvæði hefir að sjálfsögðu haft við nokkur rök að styðjast í byrjun, og jafnvel allan tímann, þangað til tóbakseinkasala var sett á stofn, vegna þess að nokkru hægra var að komast að því að sannreyna tollþungann með þessu móti en með rannsókn á því, hver raunverulegur nettóþungi vindlinganna væri.

Í þessu sambandi kom það einkum til greina, að vindlingarnir voru fluttir inn beint á ýmsa staði á landinu, þar sem ástæða er til að ætla, að tollgæzla geti eigi verið jafnákvæm og hér í Reykjavík, en þangað flytjum vér nú alla vindlinga, sem til landsins eru fluttir.

Það veldur oss ýmsum óþægindum að geta eigi flutt vindlinga inn í hvaða umbúðum sem er. Sjómenn kvarta mjög yfir því að geta eigi fengið vindlinga í blikkdósum fyrir svipað verð og í pappa- eða pappírsumbúðum, og einnig hefir borið á því, að smásalar, sem hafa rakar eða að öðru leyti lélegar sölubúðir, hafa kvartað yfir því, að vindlingum í pappírs- eða pappaubúðum hætti til að skemmast.

Vér getum eigi séð, að það geti verið nokkur hættu á því, að minnsta kosti ekki meðan Tóbakseinkasala ríkisins stendur, að breyta gildandi tollögum þannig, að tollur sé greiddur einungis af nettóþunga vindlinga, alveg á sama hátt og tollur er greiddur af vindlum. Vér viljum taka það fram, að vér göngum hér út frá því, að árlegar tolltekjur ríkissjóðs af vindlingum verði samtals hinar sömu og þær eru samkvæmt tolllagabreytingunni, sem gerð var með lögum nr. 73 29. des. 1934.

Vér leggjum því til, að samþykkt verði á næsta Alþingi að breyta lögum nr. 73 29. des. 1934, 1. gr. 7. b., sem nú hljóðar þannig:

„Af vindlingum (sigarettum) kr. 14.40 af hverju kg. Vindlingarnir skulu tollaðir að meðtöldum pappirnum, öskjum eða dósunum, sem þeir eru seldir í“

í „af vindlingum (sigarettum) kr. 20.80 af hverju kg.“.

Við athugun á vindlingainnflutningi árið 1934 kemur það í ljós, að inn voru flutt 54946 kg. vindlinga, sem hefði með núgildandi tolli orðið kr. 989028.00 í toll samtals.

Við eins nákvæma athugun og oss er unnt að gera kom það í ljós, að nettóþungi þessara vindlinga mundi hafa orðið ca. 38900 kg., en með tolli þeim, sem vér leggjum til að settur verði á nettóþunga vindlinga (kr. 26.00 pr. kg.), mundi hér hafa orðið um kr. 1011400 tolltekjur að ræða. Vér álitum því, að tolltekjur ríkissjóðs mundu sízt lækka við þessa breytingu.

Vér viljum því samkvæmt framansögðu leggja til, að tolllagabreyting þessi verði framkvæmd þegar á næsta Alþingi og öðlist gildi frá næstu áramótum.“